

EFTIRLITSSKÝRSLA

Veiðifélag Ytri-Rangár Húsafelli



Dags eftirlits	30.4.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Veiðifélag Ytri-Rangár	Eftirlitsmaður	
Heimili	Bjólu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	691092-2599	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Börkur Hrafn Nóasson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram í eftirliti: 1) Ársyfirliti hefur ekki verið skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar. 2) Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar. 3) Fosfórlösunin reiknaðist 8,4 kg P/tonn út frá fóðri og eru mörkin 7 kg P/tonn samkvæmt starfsleyfi.

Eldri frávik.

Tvö eldri frávik er opin: 1) Árið 2023 reiknaðist fosfórlösunin 8,9 kg P/tonn út frá fóðri og eru mörkin 7 kg P/tonn, rekstraraðili stefnr að því að minnka yfirfóðrun og nýta fóður sem best. 2) Ársyfirliti var skilað inn með ófullnægjandi upplýsingum, rekstraraðili ætlar að skila ársyfirliti inn fyrir lok apríl 2025 með öllum upplýsingum fyrir 2024.

Ábendingar

Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfið tekur til seiðaeldis á laxfiskum að Húsafelli. Hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 40 tonn.

Boðað umfang eftirlitsins var:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
4. Eftirlitsmælingar og skráningar
5. Áætlanir og viðbrögð
6. Umgengni og aðkoma lóðar
7. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
8. Fylgiskjöl

1. Sex frávik komu fram við eftirliti árið 2024: 1) Rekstraraðili var ekki með umhverfismarkmið, búið er að skila þeim inn og telst því fráviku lokað. 2) Fosfór reiknaðist 8,9 kg P/tonn út frá fóðri og eru mörkin 7 kg P/tonn, rekstraraðili stefnr að því að minnka yfirfóðrun og nýta fóður sem best. Ekki er hægt að loka þessu fráviki fyrr en niðurstöður ársins 2024 liggja fyrir. Þetta frávik verður skoðað betur þegar búið er að skila inn ársyfirlitinu. 3) Áætlun um meðhöndlun úrgangs var ekki til staðar þegar eftirlitið fór fram. Bíuð er að skila henni inn og telst því fráviku lokað. 4) Ársyfirliti var skilað inn með ófullnægjandi upplýsingum, rekstraraðili ætlar að skila ársyfirliti inn fyrir lok apríl 2025 með öllum upplýsingum fyrir 2024. Ársyfirlitið hefur ekki ennþá verið skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar og því er frávikið opið. 5) Skráningar voru ekki fullnægjandi, engar skráningar voru með staðfestingu á þjálfun starfsmanna, þjálfunarskráningar eru til staðar og telst því fráviku lokað. 6) Engar mælingar voru teknar árið 2023. Rekstraraðili hefur tekið mælingar fyrir árið 2024 og telst því fráviku lokað. Eitt eldra frávik síðan 2022 var ennþá opið: 1) Geymsla og meðhöndlun efna var ábótavant. Bíuð er að setja upp efnaskáp með lekabytti og telst því fráviku lokað.

2. Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti lokað.

3. Rekstraraðili hefur sett sér umhverfismarkmið. Ársyfirliti og grænu bókhaldi fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað sér Umhverfis og orkustofnunar. Framleiðsla fyrir árið 2024 var 28,5 tonn af laxi, notað var 30,6 tonn af fóðri. Upplýsingar fengust í tölvupósti.

4. Fosfórslosunin fyrir árið 2024 reiknast 8,4 kg P/tonn af fiski og er losunin yfir mörkum samkvæmt starfsleyfi, þar sem mörkin eru 7,0 kg P/tonn. Niturlosun reiknaðist 45,3 kg N/tonn og er innan marka starfleyfis.

5. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar tímabundinnar og varanlegrar er til staðar, og áætlun vegna meðhöndlunar úrgangs.

6. Stöðin lítur vel út að innan. Útisvæðið er snyrtilegt, það eru komnar flokkunar tunnur. Settjörnin leit vel út, engin froðumyndun né polla myndum.

7. Efni eru geymd í efnaskáp með lekabyttu og öryggisblöð eru aðgengileg við efnaskáp.

8. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Þar sem engin olíuskilja er í húsnæði rekstraraðila er litið svo á að leiðbeiningarnar séu til kynningar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 4.4 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Ársyfirlitinu hefur ekki verið skilað inn til Umhverfis og orkustofnunar.
gr. 4.5 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfstöðinni fyrir 1. maí ár hvert. Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar.
gr. 3.4 í starfsleyfi.	Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 7 kg/tonn af lífmassaaukingu á ári og 60 kg/tonn köfnunarefnis af lífmassaaukingu á ári. Fosfórslosun reiknaðist 8,4 kg P/tonn.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 30.05.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir